

## Samspil miðsumarsúthlutunar og aðalúthlutunar og eðli bakgrunnstónlistar

Miðsumarsúthlutun, sem komið var á 2018 (þá kölluð „aðalúthlutun – fyrri hluti“), er í raun inngreiðsla á það sem höfundar þekkja sem aðalúthlutun (e.þ.s. „aðalúthlutun – seinni hluti“). Með tilkomu miðsumarsúthlutunar urðu úthlutanir alls 12 á ári (þar af tvær fyrir flutning á tónleikum).

Miðsumarsúthlutunin tekur aðeins til hluta spilunar á útvarpsstöðvum RÚV og Sýnar (auk bakgrunnstónlistar, sjá skýringu neðar). Aðalúthlutun í desember tekur einnig til sömu stöðva, en auk þess til flutnings á öðrum útvarpsstöðvum og í sjónvarpi. Að auki inniheldur aðalúthlutun frumflutningsálag sem og þóknun v. eintakagerðar til einkanota (IHM).

Heildarupphæð miðsumarsúthlutunar er breytileg frá ári til árs. Til dæmis var hún 43 milljónir sumarið 2019 (en til samanburðar nam aðalúthlutun það ár 192 milljónum). Árið 2020 nam miðsumarsúthlutun 30 milljónum, en fyrirséð neikvæð áhrif Covid-19 leiddu til lækkunar á milli ára. Hins vegar var miðsumarsúthlutun flýtt 2020 í ljósi ástandsins, var greidd út í maí í stað júlí áður.

### Aukið vægi bakgrunnstónlistar

Vert er að benda á að frá og með miðsumarsúthlutun 2020 var hluti úthlutunarinnar (u.þ.b. þriðjungur) sérmerktur á skilagreinum sem „bakgrunnstónlist“, m.ö.o. ekki skilgreind útvarpsspilun. Bakgrunnstónlist hefur ekki verið sér liður á skilagreinum áður, en við þessa breytingu má virðast sem virði spilanna á útvarpsstöðvum sé minna en það var áður.

Hugtakið „bakgrunnstónlist“ vísar til flutnings tónlistar í almannarýmum (t.d. verslunum og veitingastöðum), en á bakvið slíkan flutning liggja ekki spilunarskýrslur, hann er m.ö.o. óskilgreindur. Bakgrunnstónlist hefur reyndar alltaf verið hluti af innheimtu og úthlutun, en hingað til hefur þeim upphæðunum verið hlaðið ofan á það sem úthlutað hefur verið fyrir flutning á útvarpsstöðvum. Fyrir vikið hafa úthlutanir fyrir útvarp virst verðmeiri en þær eru í raun og veru.

Ástæðan fyrir því að bakgrunnstónlistin er nú orðin sérstakur liður á skilagreinum er einfaldlega sú, að glöggva höfunda betur á umfangi bakgrunnstónlistar í heildarmyndinni, en þessi liður hefur stækkað allnokkuð á undanförunum árum, m.a. vegna breytinga á verðskrá og fjölgunar veitingahúsa og þjónustufyrirtækja.